

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2014

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (endurbýgging og viðhald kirkna) (41. mál)

Viðskiptaráð þakkar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að þjóðkirkjusöfnuðum og skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum verði endurgreiddur allur virðisaukaskattur sem greiddur hefur verið af vinnu manna við endurbýggingu og viðhald kirkna eða samkomuhúsa þar sem formlegar athafnir á vegum safnaðanna eða félaganna fara fram. Jafnframt er lagt til að allur virðisaukaskattur sem þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög hafa greitt fyrir þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með endurbýggingu eða viðhaldi kirkna eða samkomuhúsa verði endurgreiddur.

Frumvarp þetta gengur gegn tillögum Viðskiptaráðs um endurbætur á fyrirkomulagi neysluskatta hérlendis og því leggst ráðið gegn því að það nái fram að ganga.


Viðskiptaráð Íslands er almennt mótfallið undanþágum frá greiðslu virðisaukaskatts. Íslenska virðisaukaskattkerfið er óskilvirkt og innheimtuhlutfall hérlendis er vel undir meðaltali OECD ríkja. Það orsakast af miklu umfangi undanþága og því að margir veigamiklir vöru og þjónustuflokkar falla undir lægra skattþrep, sem veldur því að hið almenna þrep skattsins hækkar (mynd 1).

Í dag er almennt þrep virðisaukaskatts á Íslandi það næsthæsta í heimi eða 25,5%. Svo hátt hlutfall orsakar svokallað velferðartap sem stafar af minni eftirspurn neytenda veftir því sem verð á vörum og þjónustu hækkar. Slíkt velferðartap rýrir kjör neytenda og veldur einnig tekjutapi fyrir hið opinbera (mynd 2).¹

¹ Sjá nánari umfjöllun og heimildir í skoðun Viðskiptaráðs: „*Neysluskattar komnir á síðasta sölundag*“ (desember 2012) Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skidanir/1528/>

Mynd 1


Fjórðungur einkaneyslu er undanþeginn virðisaukaskatti auk þess sem umfangsmiklir vöru- og þjónustuflokkar eru í lægra þrepi skattsins



Heimild: Viðskiptaráð Íslands

Mynd 2

Neysluskattar valda velferðartapi með því að draga úr eftirspurn neytenda. Þetta tap vex hraðar eftir því sem skatthlutfallið er hærra.



Heimild: Viðskiptaráð Íslands

Auk tapaðra skatttekna og velferðartaps fylgir undanþágum á borð við endurgreiðslu virðisaukaskatts umsýsla sem leiðir til aukins kostnaðar við framfylgni laganna. Með færri undanþágum frá virðisaukaskatti má takmarka þennan kostnað.

Að mati Viðskiptaráðs eru þær breytingar á fyrirkomulagi neysluskatta sem nú liggja fyrir þinginu tímabærar. Nauðsynlegt er að einfalda skattkerfið enn frekar og auka skilvirkni þess. Það má til að mynda gera með því að breikka skattstofn virðisaukaskatts með afnámi undanþága, svo lækka megi almennt þrep virðisaukaskatts. Frumvarp þetta væri því skref aftur á bak í þeim efnum.

Loks er það mat Viðskiptaráðs að sé vilji til að styðja í auknum mæli við trúfélög ætti slíkur stuðningur að vera í formi beinna fjárframlaga en ekki endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þannig mætti betur tryggja upplýsta umræðu um ríkisfjármál og skilvirkni skattkerfisins.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands